

Veðurstofa Íslands

14 412

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfsþáttayfirlit	6
Skýringar	7

Veðurstofa Íslands

kt.630908-0350

Bústaðarvegur 7-9, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Veðurstofan er ríkisaðili í A-hluta sem heyrir undir Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og starfar samkvæmt lögum nr.70/2008 um Veðurstofu Íslands og reglugerð nr. 367/1996 um starfsemi Veðurstofu Íslands. Megintilgangur Veðurstofu Íslands er að auka öryggi og hagkvæmni í rekstri samfélagsins með því að: vakta, greina, upplýsa, rannsaka, veita ráðgjöf og spá fyrir um hegðan náttúrunnar og náttúruvá. Tryggja söfnun og vörslu gagna og þekkingar um langtímaþróun veðurfars og annarra umhverfisþátta sem eru á forræði stofnunarinnar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 2.780,4 milljónir og afkoma kr. -36,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -100,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.091,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Veðurstofu Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og fjármálastjóri staðfesta hér með ársreikning Veðurstofu Íslands fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Árni Snorrason
Forstjóri

Guðmar Guðmarsson
Fjármálastjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.088.000.000	945.000.000
Seld þjónusta	3	335.387.813	332.594.767
Framlög og ýmsar tekjur	4	1.275.177.524	1.223.059.143
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	81.860.613	76.073.432
Tekjur samtals		2.780.425.950	2.576.727.342
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.891.365.790	1.678.689.589
Framlög og tilfærslur	6	11.181.000	11.294.000
Annar rekstrarkostnaður	7	766.149.778	752.472.169
Afskriftir	8	145.850.072	138.345.978
Gjöld samtals		2.814.546.640	2.580.801.736
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(34.120.690)	(4.074.394)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		10.251.581	13.007.585
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	9	(12.387.583)	(17.063.063)
		(2.136.002)	(4.055.478)
Afkoma ársins		(36.256.692)	(8.129.872)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(35.075.692)	(6.835.872)
Rekstrartilfærslur		(1.181.000)	(1.294.000)
		(36.256.692)	(8.129.872)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		362.261.281	325.535.642
Veðurmælitæki alþjóðafflug		163.146.309	221.984.538
Farartæki og vélar		23.893.327	29.087.154
Verk í vinnslu		25.087.825	5.489.566
		<u>574.388.742</u>	<u>582.096.900</u>
Fastafjármunir samtals		<u>574.388.742</u>	<u>582.096.900</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	11	194.411.178	129.315.019
Tengdir aðilar	12	113.462.131	111.418.260
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	13	15.873.519	5.684.765
Handbært fé	14	193.791.406	114.268.310
		<u>517.538.234</u>	<u>360.686.354</u>
Veltufjármunir samtals		<u>517.538.234</u>	<u>360.686.354</u>
Eignir samtals		<u>1.091.926.976</u>	<u>942.783.254</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	15		
Hrein eign		(100.915.097)	(64.658.405)
		<u>(100.915.097)</u>	<u>(64.658.405)</u>
Eigið fé samtals		<u>(100.915.097)</u>	<u>(64.658.405)</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:	16		
Langtímalán		30.000.000	60.000.000
Skammtímaskuldir:			
Tengdir aðilar	12	266.966.599	233.729.696
Viðskiptaskuldir	17	98.467.165	57.881.386
Ýmsar skammtímaskuldir	18	252.815.183	260.596.838
Næsta árs afborganir	16	30.000.000	30.000.000
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	19	514.593.126	365.233.739
		<u>1.162.842.073</u>	<u>947.441.659</u>
Skuldir samtals		<u>1.192.842.073</u>	<u>1.007.441.659</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.091.926.976</u>	<u>942.783.254</u>
Aðrar upplýsingar	20		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(36.256.692)	(8.129.872)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	145.850.072	138.345.978
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		<u>(81.860.613)</u>	<u>(76.073.432)</u>
		27.732.767	54.142.674
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(75.284.913)	13.214.164
Tengdir aðilar		124.271.118	7.298.662
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>32.804.124</u>	<u>(38.346.197)</u>
		81.790.329	(17.833.371)
		<u>109.523.096</u>	<u>36.309.303</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(118.543.655)	(61.257.156)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		(19.598.259)	(5.489.566)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		<u>120.000</u>	<u>1.645.000</u>
		(138.021.914)	(65.101.722)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(93.078.086)	15.101.722
Fjárfestingarframlag		231.100.000	50.000.000
Afborganir langtímalána		<u>(30.000.000)</u>	<u>(30.000.000)</u>
		108.021.914	35.101.722
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		79.523.096	6.309.303
		<u>114.268.310</u>	<u>107.959.007</u>
		<u>193.791.406</u>	<u>114.268.310</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2020, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Veðurbjónusta			Samtals 2020
	Almennur rekstur 14 412 101	fyrir millilandaflug 14 412 170	Áhöld og tæki 14 412 601	
	Málefna svið - málaflokkur			
	17 20	17 20	17 20	
Tekjur				
Tekjufærsla fjárveitinga	1.088.000.000	0	0	1.088.000.000
Seld þjónusta	335.387.813	0	0	335.387.813
Framlög og ýmsar tekjur	463.615.227	811.562.297	0	1.275.177.524
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	81.860.613	0	0	81.860.613
Tekjur samtals	1.968.863.653	811.562.297	0	2.780.425.950
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	1.510.837.696	380.528.094	0	1.891.365.790
Rekstrartilfærslur	11.181.000	0	0	11.181.000
Annar rekstrarkostnaður	619.868.119	146.281.659	0	766.149.778
Afskriftir	81.860.613	63.989.459	0	145.850.072
Gjöld samtals	2.223.747.428	590.799.212	0	2.814.546.640
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(254.883.775)	220.763.085	0	(34.120.690)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	10.251.581	0	0	10.251.581
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(3.521.499)	(8.866.084)	0	(12.387.583)
	6.730.082	(8.866.084)	0	(2.136.002)
Afkoma ársins	(248.153.693)	211.897.001	0	(36.256.692)
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	(246.972.693)	211.897.001	0	(35.075.692)
Rekstrartilfærslur	(1.181.000)	0	0	(1.181.000)
	(248.153.693)	211.897.001	0	(36.256.692)
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:				
Fjárlög að frádrægnum rekstrartekjum	1.055.500.000	0	0	1.055.500.000
Fjárlög 5	(9.700.000)	0	0	(9.700.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	42.200.000	0	0	42.200.000
Fjárveiting til tekna	1.088.000.000	0	0	1.088.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(1.336.153.693)	211.897.001	0	(1.124.256.692)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(248.153.693)	211.897.001	0	(36.256.692)
Staða fjárveitinga 2019 í lok þess árs	(64.658.414)	9	0	(64.658.405)
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	(311.631.107)	211.897.010	0	(99.734.097)
Rekstrartilfærslur	(1.181.000)	0	0	(1.181.000)
	(312.812.107)	211.897.010	0	(100.915.097)
Fjárfestingar				
Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjárlögum	51.300.000	0	0	51.300.000
Millifært af almennum varasjóð	27.800.000	0	0	27.800.000
Heimildir til flytingar á framkvæmdum	20.000.000	0	132.000.000	152.000.000
Fjárfesting á árinu	(132.990.684)	0	0	(132.990.684)
Sala fastafjármuna	120.000	0	0	120.000
Staða fjárfestingarfjárveitingar	(33.770.684)	0	132.000.000	98.229.316
Staða fjárfestinga 2019 í lok þess árs	(17.189.057)	22.310.434	0	5.121.377
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2020	(50.959.741)	22.310.434	132.000.000	103.350.693

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Samkvæmt samningi við Alþjóða flugmálastofnina sér Veðurstofan um veðurbjónustu við millilandaflug. Fyrir þessa þjónustu fær Veðurstofan greitt á kostnaðargrunni (cost recovery). Krafa Alþjóða flugmálastofnunarinnar er að eignakaup séu eignfærð og afskrifuð skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Í sumum tilvikum þarf Veðurstofan að taka lán til að fjármagna þessi eignakaup. Eignakaupin eru þá eignfærð og lánið skuldfært, afskrift bókuð og lán uppfært í árslok.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Rannsóknatæki	10-15 ár
Veðurmælitæki alþjóðaflug	3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2020. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.088.000.000	945.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	81.860.613	76.073.432
	<u>1.169.860.613</u>	<u>1.021.073.432</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.045.500.000	10.000.000	0	1.055.500.000
Fjáraukalög 5	(9.700.000)	0	0	(9.700.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	42.200.000	0	0	42.200.000
Fjárveiting til tekna	1.078.000.000	10.000.000	0	1.088.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(1.113.075.692)	(11.181.000)	0	(1.124.256.692)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(35.075.692)	(1.181.000)	0	(36.256.692)

	2020	2019
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	278.408.345	269.135.670
Ýmsar þjónustutekjur	56.979.468	63.459.097
	<u>335.387.813</u>	<u>332.594.767</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	7.594.962	4.138.000
Kostnaðarhlutdeild	17.999.559	14.412.315
Framlög frá Alþjóðáflugmálastofnun ICAO	811.562.297	803.855.819
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	241.000.000	235.000.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	195.382.519	163.606.829
Ýmsar tekjur	1.638.187	2.046.180
	<u>1.275.177.524</u>	<u>1.223.059.143</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.499.613.519	1.350.906.920
Orlof, breyting	40.192.114	9.359.998
Launatengd gjöld	335.726.344	304.550.386
Starfsmannakostnaður	15.833.813	13.872.285
	<u>1.891.365.790</u>	<u>1.678.689.589</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	149,4	145,7

6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	11.181.000	11.294.000
	<u>11.181.000</u>	<u>11.294.000</u>

Skýringar

	2020	2019
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	3.652.037	1.621.298
Byggingarvörur, almennar	4.545.027	3.205.793
Byggingarvörur, aðrar	3.454.827	1.833.084
Ýmis tæki og áhöld	53.996.104	35.362.474
Varahlutir og viðhaldsvörur	20.496.177	19.166.830
Orkugjafir	37.803.352	36.240.975
Matvæli	15.780.982	21.706.458
Ýmsar sérgreindar vörur	262.876	126.291
Almennar rekstrarvörur	5.681.807	5.264.790
Vörukaup	145.673.189	124.527.993
Fundir, námskeið, risna	13.405.172	5.386.265
Ferðir, uppihald	23.108.172	68.152.805
Akstur	5.248.790	6.771.410
Sérfræðiþjónusta	171.170.508	152.986.859
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	352.554	374.968
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	18.204.084	25.274.140
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	4.510.208	4.347.857
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	235.999.488	263.294.304
Afnotagjöld	90.351.095	85.525.169
Leigugjöld	129.058.405	126.793.025
Notkun véla og flutningatækja	4.102.303	1.922.327
Verkkaup	66.575.005	53.242.134
Þátttöku- og þjónustugjöld til Eumetsat	59.835.124	64.751.951
Önnur þátttöku- og þjónustugjöld	29.345.341	27.225.847
Áhættutap og bætur	0	36.200
Tryggingar, lögboðnar	3.619.689	2.557.571
Opinber gjöld	1.264.639	1.915.648
Tilfærslur	325.500	680.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	384.477.101	364.649.872
Annar rekstrarkostnaður samtals	766.149.778	752.472.169
	2020	2019
8 Afskriftir		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	50.637.666	47.607.581
Rannsóknatæki	26.029.108	23.290.726
Farartæki og vélar	5.193.827	5.175.125
Veðurmælitæki alþjóðaflug	63.989.459	62.272.546
Sölutap og úreltar eignir	12	0
	145.850.072	138.345.978
9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	7.326.074	15.813.958
Gengistap, verðbreytingar	5.061.509	1.249.105
	12.387.583	17.063.063

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
10 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	362.261.281	325.535.642
Veðurmælingatæki alþjóðaflug	163.146.309	221.984.538
Farartæki og vélar	23.893.327	29.087.154
	<u>549.300.917</u>	<u>576.607.334</u>
Verk í vinnslu	25.087.825	5.489.566
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	<u>574.388.742</u>	<u>582.096.900</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Veðurmælitæki alþjóðaflug	Farartæki og vélar	Verk í vinnslu	Samtals
Staða 1.1.2020	675.017.274	622.725.571	53.292.706	5.489.566	1.356.525.117
Viðbætur á árinu	113.392.425	5.151.230	0	19.598.259	138.141.914
Selt/niðurfært á árinu	12	0	0	0	12
	<u>788.409.711</u>	<u>627.876.801</u>	<u>53.292.706</u>	<u>25.087.825</u>	<u>1.494.667.043</u>
Afskriftir 1.1.2020	349.481.632	400.741.033	24.205.552	0	774.428.217
Selt/niðurfært á árinu	12	0	0	0	12
Afskrift ársins	76.666.786	63.989.459	5.193.827	0	145.850.072
	<u>426.148.430</u>	<u>464.730.492</u>	<u>29.399.379</u>	<u>0</u>	<u>920.278.301</u>
Staða 31.12.2020	<u>362.261.281</u>	<u>163.146.309</u>	<u>23.893.327</u>	<u>25.087.825</u>	<u>574.388.742</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir eru samtals 574,3 milljónir þar af eru í eignir að verðmæti 163,1 sem tilheyra sameiginlegu verkefni með Alþjóðaflugmálastofnuninni.

	31.12.2020	31.12.2019
11 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	194.411.178	129.315.019
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0
	<u>194.411.178</u>	<u>129.315.019</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	152.960.439	121.767.120
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	41.450.739	7.547.899
	<u>194.411.178</u>	<u>129.315.019</u>

12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	113.462.131	111.418.260
	<u>113.462.131</u>	<u>111.418.260</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	214.408.063	184.400.852
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	52.558.536	49.328.844
	<u>266.966.599</u>	<u>233.729.696</u>

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	15.873.519	5.684.765
	<u>15.873.519</u>	<u>5.684.765</u>
14 Handbært fé		
Tékkareikningar	159.350.993	65.892.009
Gjaldeyriseikningar í innlendum innlánsstofnunum	34.440.413	48.376.301
	<u>193.791.406</u>	<u>114.268.310</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 20,3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(64.658.405)	(56.528.533)
Afkoma ársins	<u>(36.256.692)</u>	<u>(8.129.872)</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>(100.915.097)</u>	<u>(64.658.405)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

		31.12.2020	31.12.2019
16 Langtímaskuldir			
	vaxtakjör		
Innlend	3,16%	60.000.000	90.000.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda		<u>(30.000.000)</u>	<u>(30.000.000)</u>
		<u>30.000.000</u>	<u>60.000.000</u>

Langtímalán stofnunarinnar er við Isavia vegna háloftastöðvar og radara.

Kjör lánsins eru; 3,16 % vextir og óverðtryggt.

Afborganir af langtímaskuldum stofnunarinnar dreifast þannig á næstu ár:

Árið 2020		30.000.000
Árið 2021	30.000.000	30.000.000
Árið 2022	30.000.000	30.000.000
	<u>60.000.000</u>	<u>90.000.000</u>

Skilmálar langtímalána eru um óskilyrtan rétt til að greiða á lengri tíma en einu ári.

17 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir	98.467.165	57.881.386
	<u>98.467.165</u>	<u>57.881.386</u>
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum	92.653.185	52.468.386
Viðskiptaskuldir í erlendra mynt	5.813.980	5.413.000
	<u>98.467.165</u>	<u>57.881.386</u>

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
18 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	207.088.673	166.896.559
Ógreidd laun	6.450.000	15.249.999
Önnur ógreidd gjöld	39.276.510	78.450.280
	<u>252.815.183</u>	<u>260.596.838</u>

19 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	411.242.433	360.112.362
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	103.350.693	5.121.377
	<u>514.593.126</u>	<u>365.233.739</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	360.112.362	5.121.377	365.233.739
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	231.100.000	231.100.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	120.000	120.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	132.990.684	(132.990.684)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(81.860.613)</u>	<u>0</u>	<u>(81.860.613)</u>
	<u>411.242.433</u>	<u>103.350.693</u>	<u>514.593.126</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 80,7 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

20 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin er með ótímabundna samninga og samninga til ársloka 2062 vegna húsnæðis, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 130.1 milljónum. Stofnunin er með aðra skuldbindandi samninga vegna reksturs og þjónustu, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 131.2 milljónum.

Veðurspár byggja í sífellt meira mæli á útreikningum líkana sem keyrð eru fyrir stórt svæði með þéttru reiknineti. Hafa veðurspár á Íslandi tekið stakkaskiptum á síðustu árum með bættum líkönum, þéttara reiknineti og stærra reiknisvæði. Í samstarfi við dönsku veðurstofuna (DMI) er nú reiknuð veðurspá fyrir Ísland, Grænland og nærliggjandi hafsvæði í þéttru reiknineti og er úttekt einnig hafin á spákerfi fyrir hafsvæðið umhverfis Ísland m.t.t. sjávarhita, hafíss og sjávarflóða. Umræddir reikningar fara fram á háhraðatölvu DMI sem hefur verið staðsett í húskynnum Veðurstofunnar frá 2015. Ljóst er að keyrsla á slíkum líkönum í rauntíma yrði ekki gerð nema í samvinnu við aðrar veðurstofur, enda spásvæðið mjög stórt og kostnaður mikill. Næsta samstarfsskref er fólgið í áformum Dana, Íslendinga, Hollendinga og Íra um sameiginlegan rekstur háhraðatölvu frá ársbyrjun 2023 og sameiginlegum reikningum veðurspáa fyrir þau svæði sem löndin þjóna.

Til að vera þátttakandi í þessu fjögurra landa samstarfi verður Veðurstofan að fjármagna hluta af kaupum og rekstri ofurtölvu og er sá hluti 10% af heildarkostnaði óháð vali á staðsetningu. Miða áætlanir að því að sá hlutur nemi 40 mill. kr. á ári. Taki Ísland ekki þátt í þessu samstarfi yrði geta Veðurstofunnar til að veita og bæta veðurþjónustu fyrir sitt þjónustusvæði skert, hvort sem er við almenning, sjófarendur eða alþjóðaflug. Jafnframt yrði Veðurstofan ekki þátttakandi í því rannsókn- og þróunarstarfi sem samstarfið býður upp á, né að veita mögulega kostnaðar þjónustur fyrir Copernicus þjónustur Evrópusambandsins.“

Skýringar

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.